

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Selfoss, 6.12.2023
UST202302-114/H.M.V.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. október 2023 - Veiðifélag Eystri Rangár, Eyjarlandi, Bláskógarbyggð

Þann 10. október sl. fór fram eftirlit í landeldisstöð Veiðifélags Eystri Rangár í Eyjarlandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik eru útistandandi.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Skriflegur samningur þarf að liggja fyrir hjá móttökuaðila dauðfisks og annars úrgangs. Sá sem tekur á móti dauðfisknum þarf að hafa öll tilskilin leyfi til að taka á móti honum. Samningur þessi þarf að vera aðgengilegur rekstraraðila við eftirlit. Endurskoða þarf áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.9 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðann fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Er sá búnaður til staðar. Við eftirlit kom í ljós að fiskur hefur sloppið í gegnum fyrstu setgildruna og út í settjörn. Þarf því að gera athugun og endurbætur á frárennsliskerfinu til að fyrirbyggja að slík atvik endurtaki sig.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. desember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
sérfræðingur